# Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tjaldsvæðis og skógræktar á Selfossi



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS1114-26311

Reykjavík 2026

Fornleifastofnun Íslands

Á forsíðu er mynd af hleðslu ÁR-489:036, horft til NNA.

*Ljósmynd tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

*Verknúmer MÍ: 3629*

©2026

Fornleifastofnun Íslands ses
Bræðraborgarstígur 9
101 Reykjavík
&
Fjölheimar
Tryggvagata 13
800 Selfoss

Sími: (+354) 5511033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

## Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var í september 2026 fyrir sveitarfélagið Árborg vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi í Hellislandi, norðan Ölfusár á Selfossi. Deiliskipulagsreiturinn er um 18,5 ha að stærð og þar er fyrirhuguð skógrækt og uppbygging á tjaldsvæði. Áður höfðu verið unnar þrjár fornleifaskráningar sem náðu að hluta inn fyrir mörk svæðisins en engar fornleifar voru þekktar á svæðinu úr þeim. Við skráninguna 2026 fundust tvær fornleifar innan svæðis. Báðar teljast þær í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

*Efnisorð: Fornleifaskráning, Árborg, Selfoss, Fornleifastofnun Íslands*

## Summary

This report presents the findings of an archaeological survey carried out in September 2026 for the municipality of Árborg in connection with proposed changes to a site plan (deiliskipulag) in Hellisland, north of the Ölfusá river in Selfoss. The planning area covers approximately 18.5 hectares and is intended for the development of a campsite and forestry. Three previous archaeological surveys had partly covered the area, but no archaeological sites had been identified within the area. Two archaeological sites were recorded during this survey. Both sites are considered at a high risk due to the proposed development.

*Keywords: Detailed archaeological survey,* Árborg, *Selfoss; Institute of Archaeology Iceland*

**Efnisyfirlit**


1. Inngangur 7

2. Um fornleifaskráningu 9

3. Aðferðir 11

4. Fornleifaskrá 13

**ÁR-489 Hellir** **13**

5. Niðurstöður 15

**Hættumat** **16**

Heimildir 17

Minjakort 18




Mynd 1: Deiliskipulagsreiturinn er um 18,5 ha og afmarkast af svartri brotalínu á myndinni. ©Loftmyndir ehf

# 1. Inngangur

Um miðjan september 2026 var unnin fornleifaskráning í landi jarðarinnar Hellis norðan Ölfusár, á Selfossi, að beiðni Sveitarfélagsins Árborgar. Unnið er að nýju deiliskipulagi á svæðinu og fyrirhugað um að koma upp tjaldsvæði. Vestan megin á svæðinu er gert ráð fyrir hefðbundnu tjaldsvæði en austan megin blönduðu skógræktar- og grassvæði, sem nýta má sem tjaldsvæði í tengslum við stærri viðburði í sveitarfélaginu. Skipulagssvæðið í heild er um 18,5 ha.

Áður en skráningin var unnin 2026 höfðu þrjár fornleifaskráningar verið gerðar sem náðu að hluta til inn fyrir mörk deiliskipulagsreitsins. Aðalskráning fornleifa fór fram á árunum 2004-2005 innan hluta sveitarfélagsins Árborgar og var Hellir ein þeirra jarða sem þá voru skráðar.[1] Árið 2008 var gerð fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegna Suðurlandsvegar og náði hún að litlum hluta inn á það svæði sem hér er til umfjöllunar.[2] Þriðja skráningin sem náði inn á svæðið var gerð árið 2024 í tengslum við nýtt deiliskipulag innan Mýrarhverfis á Selfossi[3] og eru um 3 ha af því svæði sem þá var skoðað eru innan nýja svæðis. Engar fornleifar innan deiliskipulagsreitsins sem hér er til umfjöllunar komu í ljós í eldri skráningum.



Mynd 2: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á Íslandskortinu með rauðum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Við skráninguna var gengið skipulega yfir deiliskipulagsreitinn, allar fornleifar voru hnitsettar og öll yfirborðsummerki um minjar mæld upp með GPS-tæki af gerðinni Juniper Archer 4. Skráðar voru tvær fornleifar á jafnmörgum minjastöðum innan deiliskipulagsreitsins.

1 Margrét H. Hallmundsdóttir o.fl. 2008.

2 Bjarni F. Einarsson 2008

3 Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2024

Um vettvangsvinnu sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur. Ragnheiður sá enn fremur um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjara, nema annað sé tekið fram. Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar. Uppbyggingin hennar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu, en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og þar á eftir minjakort.

# 2. Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning snýst um að afla upplýsinga um staðsetningu minjastaða, greina þá eftir tegundum og kanna ástand þeirra og afdrif. Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (heimildaskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfinni. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í lögum um menningarminjar víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,


i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þar af leiðandi getur vönduð fornleifaskráning dregið fram heildarsvip bústaða og landnotkunar, ásamt menningarsögulegu samhengi þeirra í nærumhverfinu, s.s. álagablettum, vöðum og reiðleiðum. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornminja skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 metra í tilfelli friðlýstra fornleifa. Ef hrófla þarf við fornleifum þarf að óska eftir sérstöku leyfi Minjastofnunar og sker hún úr um hvort þess háttar heimild verði veitt og með hvaða skilyrðum.

# 3. Aðferðir

Fornleifaskráning minjastaða á vegum Fornleifastofnunar Íslands er skráð í gagnagrunninn Ísleif. Í því kerfi er landinu skipt upp í svæði, sem jafnan eru jarðir, eða afréttir og önnur óbyggð svæði. Í gegnum tíðina hafa jarðir skipst og sameinast og landamerki breyst. Kerfið byggist þ.a.l. á almennri viðmiðun um hinar ýmsu landfræðilegu einingar (jarðir, hreppar, sóknir) sem er fest í tíma, þ.e. 1847. Á því ári var gefin út rækileg skrá (Jarðatal Johnsens) og er hún lögð til grundvallar. Hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, BO o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-162:001). Á hverjum minjastað eru ein eða fleiri fornleifar og bætist númer fyrir hverja og eina aftan við (dæmi: BO-162:001.01).




Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir sögu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á búskaparaðstæðum, staðháttum og náttúrufari. Þar á eftir kemur listi yfir alla minjastaði sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar er auðkennisnúmer. Á eftir því kemur sérheiti staðar ef eitthvert er og síðan tegund.

Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjarnar eru, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað var um samkvæmt rituðum eða munnlegum heimildum en er horfið, eða staður þar sem ekki hefur verið mannvirki en hefur menningarsögulega merkingu (s.s. álagablettur, reiðleið eða vað). Allir minjastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra (s.s. bústaður, legstaður, vatnsból) er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Þar sem getið er um „heimild um“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar finnist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hana á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans og staðháttum lýst. Loks er lýsing á minjunum sjálfum ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið í mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

# 4. Fornleifaskrá

## ÁR-489 Hellir

„Þriðja býli af sömu jörð [Fjalli]. Dýrleiki þess er vi lxxx álnir og so tíundast.“ JÁM II, 392.
„Hellir hefur byggzt úr landi Fjalls [...] Landamerki: Að austanverðu er varða á Fjallstóttum, úr þeirri vörðu ræður sjónhending í Mígandaþúfa, frá Mígandaþúfu ræður Hellisgil fram í Ölfusá, svo ræður Ölfusá vestur í mynnið á svonefndu Markagili; þaðan í Markhól, sem á vesturbakka gilsins. Úr Markhól ræður sjónhending gegnum Flagið fyrir austan Einbúa upp í markastein, sem er fyrir neðan veginn upp við Ingólfsfjall, og þaðan upp í Hamarinn fyrir vestan Eyðihvamm.“ Ö-Hellir, 1.
„Hellir er nú eign Selfossbæjar.“ SB III, 416
Jörðin fer í eyði um 1944 en árið 1946 var reist nýbýli í landi Hellis, Einholt, og þar var búið fram til 1961. SB II, 411
Landkostir 1917: Tún 3,8 ha, þar af c. 2/3 slétt. Garðar 585 m2.

**ÁR-489:035.01** garðlag vörslugarður A: 401923 N: 383918

Sigið garðlag er rúmum 1,1 km sunnan við bæ 001 og 800 m sunnan við Einholt 015. Garðurinn er á lágu, nafnlausu holti en húsið Hrefnutangi “utan við á” á Selfossi er um 130 m til austurs, hinu megin við holtið. Miðað við legu garðsins, þvert yfir holt, er líklega um vörslugarð að ræða.
Gróið og flatlent holt. Skammt norðan við garðinn eru klettar á stakstæðum, lágum hól. Víða á holtinu er trjágróður, mest birki og víðir sem hafa sáð sér frá Hellisskógi.


Mynd 4: Garður ÁR-489:035.01, horft til austurs.

Garðurinn sést illa fyrr en að honum er komið, tré vaxa á og við hann. Garðurinn er um 70 m að lengd, 2-2,8 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann liggur til austurs, frá Mógili, og fjarar út á grónu holtinu. Lítil grænka er í garðinum sem er lyngi- og mosavaxinn. Á loftmynd tekinni árið 1957 sést að hann náði lengra til austurs, allt að vegslóða sem þarna er enn.
**Almennt hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Tímabundið hættumat:** stórhætta, vegna deiliskipulags

**ÁR-489:036.01** hleðsla óþekkt A: 401913 N: 383730

Um 180 m sunnan við vörslugarð 035 og rúma 1,3 km sunnan við bæ 001 er hleðsla, vestan við stakstætt holt. Ekki er ljóst hver tilgangur hennar er, mögulega tengist hún umsvifum hersins í seinni heimsstyrjöldinni eða byggðinni «út fyrir á», þ.e. norðan Ölfusár. Hleðslan er 60 m NNV við nokkur hús sem kallast einu nafni Jaðar, austan við sama holt.
Hleðslan er við vesturhlið holtsins. Svæðið er gróið en að auki er þar töluverður trjágróður. Þetta er að mestu birkitré auk þess sem greni er áberandi.
Hleðslan nær yfir svæði sem er 14x4 m að stærð og hlykkjast með stefnuna norður-suður meðfram holtinu/klettunum. Að sunnan liggur hún til vesturs frá holtinu og sveigir síðan til norðurs. Hún er einna umfangsmest þar, allt að 0,5 m á hæð að vesturs en austurbrúnin er 0,8 m að hæð. Þar


er hleðslan um 1,5-2 m á breidd. Eftir því sem norðar dregur verður hún umfangsminni og nyrst er hún 0,3-0,5 m á hæð. Í norðvesturhorni má sjá 2 umför af hruninni hleðslu auk þess sem leifar af bárujárni eru í sverði. Á loftmynd tekinni árið 1957 má sjá óljóst framhald þessa mannvirkis áfram til norðurs, alls 14m, en nú er það horfið.

**Almennt hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Tímabundið hættumat:** stórhætta, vegna deiliskipulags



Mynd 5: Hleðsla ÁR-489:036.01, horft til norðurs.




Uppmæling af hleðslunni.

# 5. Niðurstöður

Sveitarfélagið Árborg vinnur að gerð deiliskipulags vegna hugmynda um nýtt tjaldsvæði og skógræktá Selfossi. Skipulagssvæðið er um 18,5 ha stórt og er norðan við Ölfusá í landi sem áður tilheyrði jörðinni Helli í Ölfusi. Landið er í aflíðandi halla til suðurs, í átt að Ölfusá. Nyrst og efst á svæðinu eru framræst tún sem ekki eru lengur hirt. Neðar og vestar eru þurrir valllendisrimar með grágrýtisholtum. Svokallað Mógil liggur þvert í gegnum miðjan deiliskipulagsreitinn og er enn blautt á köflum. Landið er að mestu óraskað en gerð hefur verið borhola fyrir heitt vatn og aðkomuleið lögð að henni frá aðliggjandi göngustíg. Við vettvangsvinnu fundust tvær fornleifar innan deiliskipulagsreitsins.



Mynd 6: Horft til suðurs, yfir neðri helming deiliskipulagsreitinn.

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar á tilteknu svæði í samhengi er nauðsynlegt að þekkja sögu byggðar þar. Árið 1946 var Selfosshreppur stofnaður og náði hann þá yfir alla þá byggð sem myndast hafði á mörkum þriggja hreppa (Ölfus-, Hraungerðis- og Sandvíkurhrepps) við Ölfusárbrú.[4] Jarðirnar Hellir, Fossnes og Fjall voru áður í Ölfusi en töldust eftir þetta til Selfoss. Jörðin Fjall fór í eyði á 18. öld vegna aurskriðna og grjóthruns úr Ingólfsfjalli. Eftir að bæjarstæði Fjalls var yfirgefið var landinu skipt milli jarðanna Laugarbakka (sem er enn í sveitarfélaginu Ölfusi) og Hellis sem áður höfðu verið hjáleigur jarðarinnar. Hellis er fyrst getið í heimildum í jarðabókum í kringum 1700 en ekki er vitað hvenær hún byggist fyrst. Fossness er fyrst getið í heimildum um 1500. Jörðin var í upphafi sjálfstætt býli en gekk síðar kaupum og sölum með Árbæ (sem er enn í sveitarfélaginu Ölfusi). Um 1800 virðist Fossnes

4 SB II, 357.

hins vegar hafa sameinast Fjallsjörðunum. Eftir að býlið fór í eyði, skömmu eftir 1800, lagðist land þess til Hellis þar til Hellisjörðin fellur í eyði um miðja 20. öld.[5]

Um 1940 byrja hús að rísa norðan Ölfusárbrúar. Á loftmyndum bandaríska hersins af svæðinu sem teknar voru árin 1945-1946 og 1956-1961 má sjá þessa þróun vel.[6] Báðar fornleifarnar sem skráðar voru tengjast líklega þessari byggðaþróun svæðisins. Garður ÁR-489:035 tengist líklega búsetu á Fjalli/Helli en hleðsla ÁR-489:036 tilheyrir uppbyggingu þorpsins á Selfossi eða herminja.

**Vörslugarður ÁR-489:035** liggur þvert yfir gróið og flatlent holt, nánast fyrir miðju deiliskipulagsreitsins. Hann náði áður lengra til austurs, mögulega allt að Ölfusá samkvæmt gömlum loftmyndum. Sá hluti sem enn sést er siginn og ástand hans bendir til þess að hann sé forn. Frekari rannsóknir þyrfti þó til að staðfesta aldur hans. Vörslugarðurinn er innan fyrirhugaðs tjaldstæðis, þar verður m.a. vegur og mun hann að öllum líkindum verða fyrir raski vegna framkvæmdanna. **Hleðsla ÁR-489:036** er sunnarlega á svæðinu, hlaðin upp við holt. Hún er líklega ekki mjög forn og gæti tengst umsvifum hersins um miðja síðustu öld eða verið gerð í tengslum við byggðina sem reis í kjölfarið „utan við á". Hleðslan er innan skógræktarsvæðis og gæti reynst í hættu vegna hennar en þar er ekki fyrirhuguð nein mannvirkjagerð.

## Hættumat

Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum steðjar vegna yfirvofandi framkvæmda (tímabundin hætta) og sú hætta sem að minjunum steðjar almennt (almenn hætta), ef ekki kæmi til framkvæmda. Báðar fornleifarnar töldust vera í mikilli almennri hættu vegna trjáræktar. Ástæða þessa er nálægð við Hellisskóg og afmörkuð skógrækt syðst innan deiliskipulagsreitsins, en fjölmörg tré hafa sáð sér í holtið.

Gert var sérstakt mat á þeirri hættu sem að minjum steðjaði vegna framkvæmdanna, svokallað tímabundið hættumat. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að minjunum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggði tímabundna hættumatið á því. Báðar minjarnar voru metnar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Almennt var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfirstíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna umræddum minjastöðum. Helgunarsvæði fornleifa er 15 m og hafa þarf það í huga við hönnun og skipulag innan skipulagssvæða.

Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar í stórhættu megi víkja við slíkar aðstæður.

5 Hluti þessa kafla byggir á umfjöllun um byggðasögu í svæðisskráningarskýrslu, sjá t.d. Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson 1999, Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004 og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020.

6 AMS05_1-1_170; DMA00759.

# Heimildir

**AMS:** Ameríska myndir, 1945-1946. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af: http://gis.lmi.is/geoserver/wms

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Helli, Ölfushreppi.* FS248-04121. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni F. Einarsson. 2008. *Fornleifaskráning á Suðurlandi vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar.* Reykjavík, Fornleifafræðistofan.

**DMA:** Ameríska myndir, 1956-1961. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af: http://gis.lmi.is/geoserver/wms

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II: Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi*. FS084-99012. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

**JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla. II bindi*. 1918-1921. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.

Margrét H. Hallmundsdóttir o.fl. 2008. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1.* 2008/1. Eyrarbakki, Byggðasafn Árnesinga.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2020. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III*. FS789-12023. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2024. *Fornleifaskráning á Selfossi: Mýrarhverfi*. FS1011-24331. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

**SB II**: *Sunnlenskar byggðir: Flóinn.* II. bindi. 1981. [Útgáfustað vantar], Búnaðarsamband Suðurlands.

**SB III***: Sunnlenskar byggðir. Vesturhluti Árnessýslu.* III. bindi. 1983. Selfoss, Búnaðarsamband Suðurlands.

Ö-Hellir. 1991. *Hellir. Saga Selfoss*. Guðmundur Kristinsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

# Minjakort


Loftmynd tekin 1957 úr safni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ef myndin prentast vel sér móta fyrir garði ÁR-489:035 lengra til austurs.
489035
489036
0
50
100
150
200 m


489035
489036
0
50
100
150
200 m

Hönnun fyrirhugaðs tjaldsvæðis sést á myndinni.

